



Reykjavík, 26. apríl 2017

Erindi til Umhverfis- og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar
Efni: Jarðvegsframkvæmdir í sveitarfélaginu vegna lagningu ljósleiðara.

Erindi þetta er skrifað vegna jarðvegsframkvæmda í bæjarfélaginu árið 2017. Fyrir liggur að framundan eru jarðvegsframkvæmdir í bæjarfélaginu á þessu ári vegna lagningar ljósleiðara hjá Mílu og Gagnaveitu Reykjavíkur (GR). Ljóst er að í mörgum tilfellum eru þessar framkvæmdir á sömu svæðum innan bæjarfélagsins. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa látið í ljós óánægju með að þessar framkvæmdir séu ekki samræmdar.

Samkvæmt ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar ber Mílu að tilkynna allar jarðvegsframkvæmdir með sex mánaða fyrirvara svo aðrir á fjarskiptamarkaði geti fengið aðgang að skurðum fyrir fjarskiptalagnir. Hagsmunir af slíkri samvinnu eru augljósir, bæði fyrir þá sem standa í framkvæmdum en ekki síður sveitarfélög og íbúa. Að leggja tvö rör í einn skurð í staðinn fyrir eitt rör í sitthvorn skurðinn með einhverra mánaða millibili hlýtur að vera skynsamlegra.

Ríkur vilji til slíks samstarfs hefur verið af hálfu Mílu. Hafði fyrirtækið frumkvæði að því að efna til samtals við Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) um hvernig best væri staðið að þessum málum til að minnka jarðrask fyrir íbúa og spara kostnað í samræmi við vilja og ósk sveitarfélaga.

Það eru mikil vonbrigði að þurfa að tilkynna bæjarstjórn Hafnarfjarðar að eftir nokkra vinnu og tilraunir Mílu til slíks samstarfs liggur nú fyrir að GR hafnar því að samræma jarðvegsvinnu með Mílu í sumar. Ekki verður séð að samstarf það sem Míla hefur lagt til sé á nokkurn hátt íþyngjandi fyrir GR. Það hefur komið skýrt fram af hálfu Mílu að ekki þarf að breyta hönnun vegna þessa eða annarri vinnu sem þegar hefur farið fram.

Ólíkt Mílu hefur GR ekki fengið lagðar á sig opinberar kvaðir um samnýtingu á jarðvegsframkvæmdum þar sem samræming sú sem Míla leggur til er skilyrði.

Út frá jafnræðissjónarmiðum fer Míla fram á að fá sömu heimildir og GR til óheftra jarðvegsframkvæmda eða að öðrum kosti beiti sveitarfélagið sér fyrir því að heimildir beggja aðila séu skilyrtar við samstarf svo hægt sé að lágmarka jarðrask og óþægindi.

Virðingarfyllst,

F.h. Mílu

Jón Ríkharð Kristjánsson

Framkvæmdastjóri